

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Austurför ehf.  
kt. 621215-1080

Starfsstöð: Kaupvangur 17, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 232-1272

Leyfið gildir frá 7. maí 2026 til 7. maí 2038

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Tjald- og hjólhýsasvæði

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfiskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Austurför ehf., kt. 621215-1080

Starfsstöð: Kaupvangur 17, 700 Egilsstaðir

Fastanúmer: 232-1272

Leyfið gildir frá 7. maí 2026 til 7. maí 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Tjald- og hjólhýsasvæði

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 25. febrúar 2026.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

### 1.1. Tjald- og hjólhýsasvæði

Um er að ræða starfsleyfi fyrir tjald- og hjólhýsasvæði við Kaupvang 17. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst hefur starfsleyfishafi heimild til að nýta svæði vestan Kaupvangs, alls um 6.100 m<sup>2</sup>, sjá mynd af svæði í fylgiskjali. Svæðið vestan Kaupvangs má skv. samningi við sveitarfélagið Múlaþing einungis nýta þegar eiginlegt tjaldsvæði er fullnýtt.

Þjónustuhús við Kaupvang er með eftirfarandi aðstöðu:

7 salerni, 2 þvagstæði, 7 vaskar og 4 sturtur

Fullbúin baðaðstaða fyrir fatlaða, ásamt skiptiborði

Sameiginlegt rými: 9 þvottavélar og 9 þurrkarar ásamt stórum vaski

Auk þess eru útivaskar fyrir gesti tjaldsvæðisins og leiksvæði á vegum Múlaþings.

Umgengisreglur skulu vera til staðar sem m.a. taka til hávaða, aksturs, meðferð úrgangs o.fl. Reglur skulu vera sýnilegar gestum og þeim sem nota viðkomandi þjónustu. Rekstraraðili skal tryggja að ónæði gagnvart nágrönnum sé lágmarkað.

Meðal annars skal farið eftir:

- Reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatæka og leiksvæða og eftirlit með þeim.
- Starfsleyfiskilyrðum fyrir hjólhýsa-, smáhýsa- og tjaldsvæði

## 2. Annað sem varðar starfsemina.

---

### 2.1. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

### 2.2. Fráveita

Um er að ræða opinbera fráveitu. Á svæðinu er aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Aðstaða skal vera merkt og til staðar skal vera aðgengi að vatni til að skola úrgang niður og þrifa ferðasalerni. Aðgengi að neysluvatni skal ekki vera á sama stað.

Meðal annars skal farið eftir:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun*
- *Leiðbeiningar – losunarstaðir ferðasalerna frá Umhverfisstofnun, júní 2023*

### 2.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 2.4. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

## 3. Takmarkanir á starfleyfi

---

Starfsleyfi þetta er veitt á grundvelli fyrirbyggjandi skipulags, samþykkis sveitarfélagsins Múlaþings og gildandi heimilda til afnota af landi. Nýting viðbótarsvæðis vestan Kaupvangs er bundin því skilyrði að það sé einungis nýtt tímabundið þegar megin tjaldsvæði hefur náð fullri nýtingu og telst viðbótarsvæðið ekki hluti af almennu daglegu rekstrarsvæði. Rekstraraðili skal geta sýnt fram á forsendur nýtingar viðbótarsvæðis að beiðni eftirlitsaðila. Verði breytingar á skipulagi svæðisins, heimildum eða samningum um landnotkun sem hafa áhrif á forsendur rekstrarins, getur Heilbrigðisnefnd Austurlands endurskoðað skilyrði starfsleyfis eða fellt það niður.

7. maí 2026

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal með starfsleyfi.



7. maí 2026

## **Efni: Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu, Tjald- og hjólhýsasvæði Egilsstöðum**

### **Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu**

Umsókn um starfsleyfi fyrir tjaldsvæðið á Egilsstöðum, Kaupvangi 17, 700 Egilsstöðum, barst þann 25. febrúar 2026. Umsækjandi var Austurför ehf., kt. 621215-1080.

### **Auglýsing á starfsleyfistillögu**

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 9 gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 16. mars og veittur var 4 vikur frestur til að skila inn athugasemdum við tillögu að starfsleyfi. Frestur til að skila inn athugasemdum rann því út 13. apríl 2026.

### **Umsögn skipulags og byggingafultrúa**

Umsögn skipulagsfulltrúa Múlaþings barst 11. mars 2026. Umsögn skipulagsfulltrúa var jákvæð en þar kom meðal annars fram að lóðin Kaupvangur 17 væri viðskipta- og þjónustulóð, skráð 18644 m<sup>2</sup> að stærð í fasteignagrunni HMS. Landnotkun svæðisins er skilgreind í Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 sem opið svæði til sérstakra nota á reit O3: Tjaldsvæði, Egilsstöðum. Í Aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045 sem er í vinnslu um þessar mundir tilheyrir reiturinn miðsvæði M602: Miðbær Egilsstaða og kemur fram í skilmálum að tjaldsvæði sé víkjandi samhliða uppbyggingu miðbæjarsvæðis.

Til viðbótar við ofangreint er rekstraraðila heimilt, skv. samningi við sveitarfélagið, að hafa afnot af óbyggðu landi vestan Kaupvangs, alls um 6.100 m<sup>2</sup>, á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst innan samningstímans. Reitinn má aðeins nota þegar eiginlegt tjaldstæði er fullnýtt og allar framkvæmdir skulu vera afturkræfar. Reiturinn tilheyrir svæði sem skilgreint er fyrir uppbyggingu miðbæjar í aðal- og deiliskipulagi og er um tímabundna notkun hans sem tjaldsvæðis að ræða. Starfsemi leigutaka ber að víkja, með að hámarki 3 mánaða fyrirvara, ef til framkvæmda kemur innan leigutímans.

### **Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Athugasemd barst frá Austurför ehf. við auglýsta tillögu vegna fjölda þvottavéla og þurrkara sem tilgreind voru í tillögu að starfsleyfi. Auk þess barst athugasemd frá Jóhanni Fannari Guðjónssyni hjá AX lögmannsþjónustu fyrir hönd HJH ehf. Í innsendri athugasemd er meðal annars gerð athugasemd við skipulagslegar forsendur tillögu að starfsleyfi, einkum hvort starfsemi tjaldsvæðis og skilgreint viðbótarsvæði samræmist aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðisins. Hins vegar eru settar fram athugasemdir vegna meintra grenndaráhrifa á aðliggjandi fasteign, svo sem vegna hávaða, umferðar, ásýndar, rusls og almenns ónæðis. Þá er jafnframt bent á að orðalag tillögu, sérstaklega um nýtingu viðbótarsvæðis þegar megin tjaldsvæði er fullnýtt, sé óskýrt og torveldi eftirlit og framkvæmd.

## **Afstaða HAUST til innsendra athugasemda**

Athugasemdir HJH ehf. við tillögu að starfsleyfi beinast að skipulagslegum forsendum starfseminnar, meintum grenndaráhrifum, svo sem hávaða, umferð, ásýnd og almennu ónæði, auk athugasemda við orðalag og framkvæmd tiltekinna skilyrða í starfsleyfistillögu. Varðandi skipulagsleg sjónarmið skal áréttað að starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands er veitt á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti. Fyrir liggur jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins og verður því ekki séð að forsendur séu fyrir hendi af hálfu Heilbrigðiseftirlits Austurlands til að hafna útgáfu starfsleyfis á þeim grundvelli sem fram kemur í athugasemd.

Að því er varðar grenndaráhrif starfseminnar er viðurkennt að rekstur tjaldsvæðis getur haft í för með sér aukna umferð og tímabundið álag, einkum á háannatíma. Við mat á þeim atriðum verður þó einnig að líta til þess að starfsemin er staðsett á miðsvæði samkvæmt gildandi skipulagi, þar sem almennt má gera ráð fyrir fjölbreyttari atvinnu- og þjónustustarfsemi. Þá liggja ekki fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands skráðar kvartanir, eftirlitsniðurstöður eða önnur staðfest gögn sem sýna fram á viðvarandi brot á hollustuháttum, mengunarvanda eða annað það ónæði sem gefur tilefni til synjunar starfsleyfis.

Varðandi viðbótarsvæði sem heimilt er að nýta þegar megin tjaldsvæði er fullnýtt skal tekið fram að um er að ræða takmarkaða og tímabundna notkun á afmörkuðu svæði, einkum vegna álagstíma fáa daga á ári, en ekki varanlega eða almenna stækkun rekstrarsvæðis. Heilbrigðiseftirlitið telur engu að síður rétt að skýra betur framkvæmd þessa skilyrðis í endanlegu starfsleyfi til að tryggja fyrirsjáanleika og eftirlitshæfni.

## **Breytingar á starfsleyfi**

Eftirfarandi breytingar og leiðréttingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

### **Kafli 1.1**

Fyrirsögn á kafla 1.1 var breytt úr sala á gistingu í tjald- og hjólhýsasvæði.

Fjöldi þvottavéla og þurrkara var fjölgað úr 2 í 9.

Í kafla 1.1. var eftirfarandi texta bætt inn: *Umgengisreglur skulu vera til staðar sem m.a. taka til hávaða, aksturs, meðferð úrgangs o.fl. Reglur skulu vera sýnilegar gestum og þeim sem nota viðkomandi þjónustu. Rekstraraðili skal tryggja að ónæði gagnvart nágrönnum sé lágmarkað.*

### **Kafli 2.2.**

Bætt var inn eftirfarandi texta:

*Aðstaða skal vera merkt og til staðar skal vera aðgengi að vatni til að skola úrgang niður og þrifa ferðasalerni. Aðgengi að neysluvatni skal ekki vera á sama stað.*

*Þá skal fara eftir leiðbeiningum um losun ferðasalerna frá Umhverfisstofnun, frá júní 2023.*

Gerð var leiðrétting á númeri og heiti reglugerðar, reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.

### Kafli 3 Takmarkanir á starfsleyfi

Skerpt er á orðalagi vegna nýtingar á viðbótarsvæði. Texti í starfsleyfisdrögum var eftirfarandi:

*Starfsleyfi þetta er veitt með fyrirvara um samþykki og gildandi samninga við sveitarfélagið Múlaþing vegna afnota af landi. Verði breytingar á skipulagi svæðisins eða samningum við sveitarfélagið sem hafa áhrif á rekstur tjaldsvæðisins, getur heilbrigðisnefnd endurskoðað eða fellt niður starfsleyfið.*

Kafli 3 orðast nú á eftirfarandi hátt:

*Starfsleyfi þetta er veitt á grundvelli fyrirliggjandi skipulags, samþykkis sveitarfélagsins Múlaþing og gildandi heimilda til afnota af landi. Nýting viðbótarsvæðis vestan Kaupvangs er bundin því skilyrði að það sé einungis nýtt tímabundið þegar megin tjaldsvæði hefur náð fullri nýtingu og telst viðbótarsvæðið ekki hluti af almennu daglegu rekstrarsvæði. Rekstraraðili skal geta sýnt fram á forsendur nýtingar viðbótarsvæðis að beiðni eftirlitsaðila. Verði breytingar á skipulagi svæðisins, heimildum eða samningum um landnotkun sem hafa áhrif á forsendur rekstrarins, getur Heilbrigðisnefnd Austurlands endurskoðað skilyrði starfsleyfis eða fellt það niður.*

### Ákvörðun Heilbrigðisnefndar Austurlands um útgáfu starfsleyfis

Skv. 13. gr. stofnsamnings byggðarsamlags um rekstur heilbrigðiseftirlits Austurlands er framkvæmdastjóra heimil afgreiðsla mála f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands svo sem útgáfa starfsleyfa skv. lögnum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fullnaðarafgreiðsla mála fer fram á löglega boðuðum fundum heilbrigðisnefndar.


Í samræmi við ofangreint og í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir var starfsleyfi fyrir tjaldsvæðið á Egilsstöðum útgefið með gildistíma til 12 ára þann 7. maí 2026. Útgáfa starfsleyfis er með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu Heilbrigðisnefndar Austurlands á næsta fundi nefndarinnar sem fer fram 28. maí nk.

### Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga.

Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingarfyllst,  
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Lára Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri